

Fundargerð stjórnar BÍS 02/2013.

miðvikudaginn 6. febrúar 2013 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs og Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar: Frestað
3. Umræða 1:
 - a. Drög að ársuppgjöri 2012 kynnt.
 - b. Starfsáætlun og fjárhagsáætlun 2013: Unnið var áfram að gerð starfsáætlunar og fjárhagsáætlunar. Áframhaldandi vinnu vísað til næsta fundar.
4. Umræða 2:
 - a. Undirbúningur fyrir Skátapiing. Frestað til næsta fundar.
5. Mál til kynningar og bókunar:
 - a. Starfsyfirlit Skátamiðstöðvarinnar: Lá frammi.
 - b. Erindi frá Æskulýðsvettvangnum. Starfsreglur um meðferð kynferðisbrota eru samþykktar. Stjórn BÍS skipar Huldu Sólrúnu Guðmundsdóttur sem fulltrúa BÍS í fagråd ÆV. HS er falið að finna varamann í fagráðið á samt því að finna aðila í ráðgjafarhóp ÆV gegn einelti.
 - c. Félagsforingjafundur og uppskeruhátíð BÍS: Almenn ánægja var með félagsforingjafundinn, málefnalegar umræður og góður andi. Mæting hefði mátt vera betri. Æskilegt er að halda fundinn ekki aftur á bóndadagshelginni vegna þorrablóta sem haldin eru víðsvegar um landið. Uppskeruhátíð fór fram í Íðusölum í Reykjavík.
 - d. Málþing um skátaheit. Tryggja þarf vettvang á Skátapiingi um þetta mál. Fundarstjóra er þakkað fyrir vel unnin störf. HS falið að tryggja að öll gögn varðandi málþingið séu aðgengileg skátum og skátafélögum.
 - e. Úlfljótsvatn. Fundargerð Úlfljótsvatnsráðs lá frammi. ÓP óskar eftir því að Jónatan Smári Svavarsson taki sæti sitt í stjórn Úlfljótsvatnsjarðarinnar. Samþykkt. HS falið að ræða við JSS.
 - f. Trúnaðarmál
 - g. Viðræður um kaup á hlut SSR í Skátamiðstöðinni. HS og FF sátu fund með Arthúri Péturssyni, gjaldkera SSR og Hrönn Þormóðsdóttur, formanni SSR og ræddu hugsanleg kaup BÍS á hlut SSR í Skátamiðstöðinni. Niðurstaða fundarins var sú að BÍS bað SSR um gefa sér sölutilboð.
 - h. Bréf frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. BB falið að svara bréfinu.
 - i. Uppstillingarnefnd: Ásta Ágústsdóttir var kosin formaður uppstillingarnefndar á öðrum fundi nefndarinnar þann 28. janúar sl. Hún óskaði eftir því fyrir hönd nefndarinnar að allar ábendingar eða skilaboð frá stjórn og/eða starfsmönnum Skátamiðstöðvarinnar sé beint á netfangið uppstillingarnefnd@gmail.com eða beint til Ástu í síma 891 9063. Þetta gildir einnig fyrir þá sem vilja gefa kost á sér í framboð.
6. Önnur mál:

Fleira ekki rætt
Fundu slitið kl. 21:10
Fundargerð ritaði HS.